

Árni Óla sæmdur gullmerki ÍSí

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Fimmtudagur, 03 Maí 2018 13:41

Árni Ólason, Hetti fékk viðurkenningar frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands fyrir vel unnin störf á þingi UÍA á Borgarfirði nýverið.

Árni hefur komið að starfi íþróttahreyfingarinnar á fjölbreyttan hátt á sínum ferli. Hann hefur m.a. sinnt embætti formanns knattspyrnudeildar Hattar allt frá árinu 2003 og þar til nú nýverið, var um árábil landshlutafulltrúi í stjórn Knattspyrnusambands Íslands og einnig hefur hann setið í ríflega áratug í Vinnuhópi ÍSí um Ferðasjóð íþróttafélaga, sem er eitt stærsta hagsmunamál hreyfingarinnar – ekki síst fyrir félögin á Austurlandi. Hann var sæmdur gullmerki fyrir störf sín.